

Umhverfi	GRI	ESRS	Eining	2024	2025	Breyting frá 2024
E1. Losun gróðurhúsalofttegunda	"305-1, 305-2, 305-3"	E1-8				
1) Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 1 (ef við á)			tCO2í	13,6	12,5	
Eldsneyti				13,6	12,5	-7,9%
2) Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 2 (ef við á)			tCO2í	12,6	14,6	
Rafmagn				12,1	14,1	16,9%
Heitt vatn				0,5	0,5	1,8%
Umfang 2 - raforka frá Landsneti (location based)				0,2	0,2	8,4%
3) Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 3 (ef við á)			tCO2í	30,48	22,17	-27,3%
Dreifing raforku				0,012	0,012	3,3%
Dreifing hitaveituvatns				0,004	0,058	1329,9%
Dreifing neysluvatns				0,005	0,000	-98,6%
Pappírnotkun					0,215	
Framleiðsla eldsneytis				3,512	3,253	-7,4%
Meðhöndlun úrgangs				0,132	0,002	-98,3%
Innanlandsflug					0,318	
Millilandaflug				20,689	9,055	-56,2%
Ferðir starfsfólks í og úr vinnu				6,130	6,265	2,2%
Framleiðsla tölvubúnaðar					2,429	
Leigubílar					0,203	
Heimavinna					0,000	
Fráveita					0,046	
Hótelgistingar starfsmanna					0,313	
Útlánasafn (fyrirtækjalán, bílalan og fasteignalán) og eignir (hluta- og skuldabréf)			tCO2í	79.370	87.577	10,3%
Samtals fyrir öll umföng utan lánasafns (market based umfang 2)				56,7	49,4	-13,0%
Samtals fyrir öll umföng (market based umfang 2)				79.427	87.627	10,3%
E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	305-4					
1) Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð (umfang 1 & 2)						
Losunarkræfni eigna í stýringu			tCO2í/ISKma eignir í stýringu	0,05	0,05	-6,5%
Losunarkræfni starfsfólks			tCO2í/ársverk*	1,19	1,24	3,7%
Losunarkræfni orku			tCO2í/MWst	0,49	0,55	12,5%

E3. Orkunotkun	302-1, 302-2	E1-7				
1) Heildarmagn beinnar orkunotkunar			MWst	53,5	49,3	-7,8%
2) Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar			MWst	79,0	143,1	81,2%
E4. Orkukræfni	302-3					
1) Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð			MWst/ISKma eignir í stýringu	0,10	0,08	-16,9%
Bein heildarorkunotkun miðað við fjölda starfsfólks			MWst/ársverk*	2,4	2,2	-7,8%
E5. Samsetning orku	302-1	E1-7				
1) Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu						
Endurnýjanleg orka			%	98,3%	98,1%	-0,2%
Jarðefnaeldsneyti			%	1,7%	1,9%	8,7%
E6. Vatnsnotkun	303-5					
1) Heildarmagn af vatni sem er notað			m ³			
Heitt vatn				1.180	2.436	106,5%
Neysluvatn				241	49	-79,8%
E7. Umhverfisstarfsemi	103-2	E1-4				
1) Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?			já/nei	Já	Já	Engin
2) Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?			já/nei	Já	Já	Engin
3) Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?			já/nei	Nei	Nei	Engin
E8. Loftslagseftirlit / stjórn	"102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31"	E1-2				
1) Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?			já/nei	Já	Já	Engin
E9. Loftslagseftirlit / stjórnendur	"102-10, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31"	E1-2, GOV-1				
1) Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?			já/nei	Já	Já	Engin
E10. Mildun loftslagsáhættu		E1-5				
1) Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun			ISKm	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Engin
Aðrir mikilvægismælikvarðar						

Félagslegir þættir	GRI		Eining	2024	2025	Breyting frá 2024
S1. Launahlutfall forstjóra	102-38	S1-15				
1) Hlutfall heildarlaunagreiðslu framkvæmdastjóra og miðgildis heildarlauna greiðslna starfsmanna í fullu starfi				2,0	1,8	-7,7%
2) Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?			já/nei	Já	Já	Engin
S2. Launamunur kynja	405-2	S1-15				
1) Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna				1,3	1,3	Engin
S3. Starfsmannavelta	401-1B	S1-5				
1) Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi			%	0%	0%	Engin
2) Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi			%	0%	0%	Engin
S4. Kynjafjölbreytni	102-8, 405-1	S1-5				
1) Kynjahlutfall innan fyrirtækisins						
Karlar			%	68%	68%	Engin
Konur			%	32%	32%	Engin
2) Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan						
Karlar			%	63%	63%	0,0%
Konur			%	38%	38%	0,0%
3) Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar						
Karlar			%	83%	83%	0,0%
Konur			%	17%	17%	0,0%
S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta	102-8	S1-6				
1) Prósentu starfsmanna í hlutastarfi			%	0%	0%	0,0%
S6. Aðgerðir gegn mismunun	103-2, 406-1	S1-3				
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti			já/nei	Já	Já	Engin
S7. Vinnuslysafíðni	403-9					
1) Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafsisins (Slys á hverjar 200.000 vinnustundir)			%	0%	0%	

S8. Hnattræn heilsa og öryggi	103-2	S1-1				
1) Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi?			já/nei	Nei	Nei	Engin
S9. Barna- og nauðungarvinna	"103-2, 409-1, 408-1"	S1-1, G1-2				
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?			já/nei	Nei	Nei	Engin
2) Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?			já/nei	Nei	Nei	Engin
S10. Mannréttindi	103-2	S1-1				
1) Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?			já/nei	Nei	Nei	Engin
2) Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?			já/nei	Nei	Nei	Engin
Aðrir mikilvægismælikvarðar						

Stjórnarhættir	GRI		Eining	2024	2025	Breyting frá 2024
G1. Kynjahlutfall í stjórn	"405-1, 102-23, 102-22"	GOV-1				
1) Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla)			%	67%	67%	Engin
2) Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla)			%	50%	50%	Engin
G2. Óhæði stjórnar		GOV-1				
1) Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?			já/nei	Já	Já	Engin
2) Hlutfall óháðra stjórnarmanna			%	100%	100%	Engin
G3. Kaupaukar	102-35	GOV-2				
1) Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?			já/nei	Nei	Nei	Engin
G4. Kjarasamningar	102-41	S1-10				
1) Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga			%	100%	100%	Engin

G5. Siðareglur birgja	"102-16, 103-2, 308-2"	GOV3, E1-4, G1-2				
1) Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?			já/nei	Nei	Nei	Engin
2) Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum?						
G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	102-16, 103-2	G1-1, G1-2				
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?			já/nei	Já	Já	Engin
2) Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafls þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni?			%	100%	100%	Engin
G7. Persónuvernd	418	G1-1				
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?			já/nei	Já	Já	Engin
2) Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?			já/nei	Já	Já	Engin
G8. Sjálfbæriskýrsla						
1) Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu?			já/nei	Já	Já	Engin
2) Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?			já/nei	Já	Já	Engin
G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf						
1) Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?			já/nei	Já	Já	Engin
2) Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?			já/nei	Já	Já	Engin
3) Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sp?			já/nei	Nei	Nei	Engin
G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	102-56					
1) Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila?			já/nei	Nei	Já	Já, KPMG ehf., veitir álit með takmarkaðri vissu
Aðrir mikilvægismælikvarðar						

Takmörkuð staðfesting óháðs endurskoðanda á Nasdaq UFS töflu fyrir árið 2025 og fjármagnaðri losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta Landsbréfa hf. fyrir árið 2024

Til stjórnar Landsbréfa hf.

Niðurstaða

Við vorum ráðin af Landsbréfum hf. (félagið) til að veita óháða takmarkaða staðfestingu (e. limited assurance) á Nasdaq UFS töflu félagsins fyrir árið 2025 og fjármagnaðri losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta félagsins fyrir árið 2024 (hér eftir upplýsingarnar). Upplýsingarnar eru settar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq frá febrúar 2020 og aðferðarfræði PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials).

Byggt á aðgerðum okkar og þeim gögnum sem við höfum aflað, kom ekkert fram sem bendir til annars en að framsetning upplýsinga í UFS töflu félagsins fyrir árið 2025 og fjármögnuð losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta fyrir árið 2024 sé í öllum meginatriðum í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq frá febrúar 2020 og aðferðarfræði PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials).

Grundvöllur niðurstöðu

Staðfesting okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um staðfestingar, *ISAE 3000 (Revised) Assurance Engagements other than Audits or Reviews of Historical Financial Information*, sem gefinn var út af International Auditing and Assurance Standards Board (IAASB). Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst frekar í kaflanum „Ábyrgð okkar“.

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og aðrar siðareglur sem fram koma í alþjóðlegum siðareglum fyrir endurskoðendur ásamt alþjóðlegum stöðlum um óhæði eða International Independence Standards, sem gefnir eru út af International Ethics Standards Board for Accountants (IESBA).

KPMG fylgir alþjóðlegum gæðastaðli, International Standard on Quality Management (ISQM) 1, *Quality Management for Firms that Perform Audits or Reviews of Financial Statements, or Other Assurance or Related Services Engagements*, sem gefinn var út af IAASB og hefur því innleitt gæðastjórnunarkerfi, þar á meðal um að hafa skráðar stefnur og verklag um fylgni við siðareglur, faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Við teljum að við höfum aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja niðurstöðu okkar á.

Samanburðarupplýsingar

Við vekjum athygli á að við höfum ekki staðfest upplýsingar, fjárhæðir og hlutföll fyrir árið 2024 í UFS töflu félagsins. Þar af leiðandi gefum við ekki álit á þeim. Þá höfum við ekki staðfest upplýsingar, fjárhæðir og hlutföll fyrir árið 2023 í samantekt um fjármagnaða losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta.

Ábyrgð á upplýsingunum

UFS tafla og fjármögnuð losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta er lögð fram af stjórn og framkvæmdastjóra Landsbréfa hf. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á þeirri ákvörðun að setja upplýsingarnar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq og aðferðarfræði PCAF. Þau bera ábyrgð á að hanna, innleiða og viðhalda innra eftirliti vegna upplýsinga sem viðeigandi eru til að útbúa upplýsingarnar. Einnig bera þau ábyrgð á söfnun, greiningu og framsetningu upplýsinga sem settar eru fram og að þær séu án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Þá eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að starfsfólk sem kom að vinnslu og framsetningu upplýsinganna hafi hlotið viðeigandi þjálfun og að upplýsingakerfi séu viðeigandi.

Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar er að veita óháða takmarkaða staðfestingu á upplýsingagjöf félagsins í UFS töflu og samantekt

um fjármagnaða losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta. Okkur ber að skipuleggja og haga vinnu okkar svo unnt sé að veita takmarkaða staðfestingu um hvort upplýsingarnar séu í öllum meginatriðum án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Okkur ber að setja fram sjálfstæða niðurstöðu byggða á þeim gögnum sem við höfum aflað og þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og miðla niðurstöðum okkar til stjórnar Landsbréfa hf.

Aðgerðir sem framkvæmdar voru til að byggja undir niðurstöðu okkar

Við staðfestinguna beittum við faglegri dómgreind og viðhöfðum faglega gagnrýni. Við skipulögðum og framkvæmdum aðgerðir til að afla nægjanlegra og viðeigandi gagna um upplýsingarnar til að byggja niðurstöðu okkar á. Val á aðgerðum byggði á þekkingu okkar á upplýsingunum og öðrum aðstæðum, ásamt mati okkar á hættu á verulegri skekkju. Aðgerðir okkar voru eftirfarandi:

- Að afla upplýsinga, einkum frá því starfsfólki sem var ábyrgt fyrir upplýsingagjöf í UFS töflu félagsins og fjármagnaðri losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta, greina, meta og afla staðfestinga eftir því sem við á.
- Fyrirspurnir til stjórnenda og annars viðeigandi starfsfólks til að öðlast skilning á ferli Landsbréfa hf. við gerð og yfirferð upplýsingagjafar í UFS töflu og fjármagnaðri losun verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta, greina, meta og afla staðfestinga eftir því sem við á.

Aðgerðum sem beitt er við takmarkaða staðfestingu eru mismunandi að eðli og umfangi, og eru umfangsminni en þegar veitt er staðfesting með nægjanlegri vissu. Því er víssa sem fæst með takmarkaðri staðfestingu umtalsvert minni en náðst hefði ef staðfesting með nægjanlegri vissu hefði verið unnin.

Reykjavík, 23. mars 2026

KPMG ehf.

Árni Claessen

endurskoðandi